

Hvítsmári (*Trifolium repens*)

Enska; White Clover, danska; Hvid-Kløver, norska; Kvitkløver, sænska; Vitklöver.

Tegundalýsing og kjörlendur

Hvítsmári er lágvaxin fjölær belgjurt með jarðlægum, skriðulan stöngul. Blómin eru í þéttum nær hnöttóttum kalli efst upp á hliðarstöngli jarðstöngulsins. Kollurinn er heilkryndur, einsamhverfur og stuttstíkaður. Blómkollan er nær ávallt hvítleit en stundum ljósrauðleit og roðnar með þroska. Blómleggirnir (10-15 cm) eru lengri en blaðstilkarnir (5-10 cm) en á enda blaðstilkana eru þrífingruð blöð. Hvítsmárin dreifir sér með jarðrenglum og vex oft í breiðum sem sjást vel vegna dökkgræna litarins. Hvítsmári vex um allt land í grónu vallandi, gilbrekkum, túnum, vegköntum og árbökkum.



Nýting, uppskeruvæntingar og fóðrunarvirði

Hvítsmári er góð fóðurjurt sem er prótein- og steinefnarík og trénislítill miðað við grastegundir. Fóðrunarvirðið er hærra en í bestu fóðurgrósum og beitarþol gott. Uppskeran er hins vegar lítil og ótrygg og það þarf að sá með honum uppskerumeiri grósum. Hann er fyrst og fremst mið- og síðsumars beitarjurt því að hann skilar sér illa í slætti vegna þess hversu smágerður hann er. Hvítsmárin er seinn til á vorin og ekki mjög áberandi í frumvexti túna. Í endurvextinum getur innfluttur hvítsmári hins vegar verið mjög áberandi og stór hluti uppskerunnar.



Ræktunarleiðbeiningar

Hvítsmára er best að sá með vallarsveifgrasi eða, með vallarrýgresi í skammærum sáðskiptatúnum. Hann er með grunnt rótarkerfi og vex best í rökum en vel ræstum steinefnaríkum jarðvegi með hátt sýrustig. Þúsund kornþyngd er 0,6-0,7 g og ráðlagt sáðmagn er um 10 kg á ha. Til að tryggja eðlilegan vöxt smárans er nauðsynlegt að smita fræið með niturbindandi samlífsbakteríum sem fæst hjá sáðvöruinnflytjendum. Upplýsingar um heppileg yrki er að finna í "Nytjaplöntur á Íslandi" (vefrit LbhÍ og BÍ). Sáðdýpt er um 1 sm og sáðbeðið á að vera laust við illgresi, þétt og fínunnið (plægt, herfað og valtað). Best er að sá á yfirborðið snemma sumars og valta strax á eftir. Uppskeyra er lítil sem engin sáðárið, sérstaklega ef smáranum er sáð með vallarsveifgrasi. Til að viðhalda smára í túnum má einungis bera mjög lítið á á af köfnunarefnisáburði eða frá 0-40 kg á ha. Hins vegar þarf að bera á ríflega túnskammta af fósfor og kalí (sjá Handbók bænda).

